

Tónleikar
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Björk Jónsdóttir
sópran
og
Svana Víkingsdóttir
píanó



Kaffistofa safnsins verður opin að tónleikunum loknum

Þriðjudaginn 29. júní 1993 kl 20:30

Björk Jónsdóttir, sem hóf söngnám sitt við Tónlistarskólann í Kópavogi, lauk tónmenntakennaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík. Síðan stundaði Björk nám við Söngskólann í Reykjavík til vorsins 1990. Hún hefur notið leiðsagnar próffessor Susanne Eken og Friedrich Gürtler við Tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn auk þess sem hún hefur sótt fjölda námskeiða. Björk hefur hlotið styrki, meðal annars úr minningarsjóði Guðrúnar Á. Símonar, minningarsjóði Guðlaugar Pálsdóttur og Óperusjóði Félags íslenskra leikara. Björk hefur komið fram sem einsöngvari með kór Langholtskirkju, Kvennakór Reykjavíkur, Filharmóníukórnum og hefur haldið sjálfstæða tónleika. Síðastliðið sumar keppti Björk til úrslita um tónlistarverðlaun ríkisútvarpsins. Björk starfar nú sem kennari við Nýja Tónlistarkólann í Reykjavík.

Svana Víkingsdóttir stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk einleikaraprófi árið 1977. Á árunum 1978-83 var hún í framhaldsnámi við Hochschule der Künste í Berlín og lauk þaðan diplomaprófi í píanóleik. Kennarar hennar þar voru Klaus Schilde og Georg Sava. Svana er píanókennari við Nýja Tónlistarskólann í Reykjavík og er undirleikari Kvennakórs Reykjavíkur.

Efnisskrá

- | | |
|----------------|--|
| Jean Sibelius | Vilse <i>K.A. Tavaststjerna</i>
Spånet på vattnet <i>Ilmari Calamnius</i>
Var det em dröm? <i>J.J. Wecksell</i> |
| Páll Ísólfsson | Vögguvísa <i>Davíð Stefánsson</i>
Í dag skein sól <i>Davíð Stefánsson</i>
Litla kvæðið um litlu hjónin
<i>Davíð Stefánsson</i>
Kossavísur <i>Jónas Hallgrímsson þýddi</i> |
| Gustaf Mahler | Starke Einbildungskraft
Úr „ <i>Des Knaben Wunderhorn</i> “
Um schlimme Kinder artig zu machen
Úr „ <i>Des Knaben Wunderhorn</i> “
Das irdische Leben |
| Ensk þjóðlög | Útsett af Benjamin Britten
Little Sir William <i>Somerset Folk song</i>
The Ash Grove <i>Welsh Tune</i>
Útsett af Herbert Huches
The Spanish Lady <i>Old Song</i>
I have a bonnet trimmed with blue
<i>Irish Country Songs</i> |
| Eric Satie | La diva <i>Dominique Bonnaud</i>
Je te veux <i>Henry Pacory</i> |

Villa / Vilse

Við villtumst víst hvert frá öðru,
hvaða leið tóku hinir?
Ég hrópa um skóginn eins hátt og ég get,
en þú stendur og þykist feimin.

Aðeins bergmálið svarar: Halló, halló!
og skjór hlær glettnishlátri,
en himinninn verður allt í einu helmingi blárrí
og við hættum brátt að tala.

Seg mér, skyldi hjarta þitt slá í takt við mitt
meðan samræðan gengur svona skrykkjótt?
Ástin nær algjöru valdi á huga mér,
ég gleymi að finna til eins og Platón.

Ég líf í auga þitt, rannsaka og sé
sjáöldrin víkka og þrengjast;
og þegar þú brosir ljómandi eitt andartak,
gæti dýrlingur látið freistast.

K.A. Tavaststjerna

Þýð. Reynir Axelsson

Spónn á vatni / Spånet på vattnet [Lastu lainehilla]

Hefilspónn, sem berst með straumnum,
þunna flís, sem bylgjur bera
einsama á braut, þegar húmar að kvöldi,
seg mér hvaða leið þú kemur.

Spónninn, sem berst með straumnum,
flísín sú sem bylgjur bera,
kemur hingað frá norðurströndum,
þar sem hús standa milli fjalla.

Þar hefur ástvinurinn felld furutré,
brúðguminn hefur smíðað bát,

sem brátt mun bruna yfir vatnið
til að flytja á brott ástmeyna ungu.

Ilmari Calamnius

Þýtt á sænsku: Joel Rundt

Þýð. Reynir Axelsson

Var það draumur / Var det en dröm

Var það draumur
að ég eitt yndislegt augnablik
var þinn hjartans vinur?

Ég minnst þess líft og hljóðnaðs söngs
en strengurinn titrar enn.

Ég minnst þyrnirósarinnar
sem þú gafst mér,
augnaráðsins blíflega og innilega;
ég minnst táranna sem blikuðu.

Var það allt einn draumur?
Draumur, sem líf anemónunnar,
svo stutt út í vorgrænni náttúrunni.

Okkar tími víkur hratt
fyrir nýju blómaskrúði.

En margar nætur heyri ég rödd
gegnum biturt táraflóðið;
geymdu minninguna djúpt í brjósti þínu,
þetta var þinn fegursti draumur

J.J. Wecksell

Sterkt ímyndunarafli / Starke Einbildungskraft

Þú sagðist ætla að sækja mig,
strax þegar sumraði.

Nú er sumarið komið og
enn hefur þú ekki sótt mig.

Komdu strákur og náðu í mig
- eða hvað?

Jú þú verður að sækja mig.

Hvernig get ég sótt þig
þar sem ég hef þig nú þegar?
Og þegar þú ert í huga mér,
þá finnst mér ég alltaf
vera hjá þér.

Úr „Des Knaben Wunderhorn“

Til að gera slæmu börnin þæg / Um schlimme Kinder artig zu machen

Herramaður kom til hallarinnar
á fallega hestinum sínum.
Kúkk kúkk, kúkk kúkk!
Þar létur konan út um gluggann
og segir: „Maðurinn minn er ekki heima
og enginn, og enginn,
og enginn er heima nema börnin mín,
og vinnukonan, og vinnukonan
er við þvottavinduna.“

Herramaðurinn á hestinum
segir við konuna í höllinni:
Kúkk kúkk, kúkk kúkk!
„Eru það góð börn, eða eru það slæm börn?
Æ góða kona, segðu það strax!“
Kúkk kúkk, kúkk kúkk!
„Í vasa mínum hef ég margar
gjafir fyrir þægu börnin.“
Kúkk kúkk, kúkk kúkk!

Konan segir: „Það eru slæm börn,
þau hlýða, þau hlýða
ekki móður sinni strax!“
Þá segir maðurinn: „Þá ríð ég heim,
svoleiðis börn hef ég ekkert við að gera!“
Kúkk kúkk, kúkk kúkk!
Svo ríður hann á hestinum sínum
langt, langt í burt frá höllinni!
Kúkk kúkk, kúkk kúkk!

Úr „Des Knaben Wunderhorn“

Þýð. Reynir Axelsson

Lífið á jörðu / Das irdische Leben

„Móðir, æ móðir, mig hungrar.
Gefðu mér brauð, annars dey ég!“
„Bíddu við! Bíddu við, elsku barn!
Á morgun flýtum við okkur að skera kornið!“

Og þegar kornið hafði verið skorið
hrópaði barnið ennþá:
„Móðir, æ móðir, mig hungrar.
Gefðu mér brauð, annars dey ég!“
„Bíddu við! Bíddu við, elsku barn!
Á morgun flýtum við okkur að þreskja kornið!“

Og þegar kornið hafði verið þreskt
hrópaði barnið ennþá:
„Móðir, æ móðir, mig hungrar.
Gefðu mér brauð, annars dey ég!“
„Bíddu við! Bíddu við, elsku barn!
Á morgun flýtum við okkur að baka brauðið!“

Og þegar brauðið hafði verið bakað
lá barnið á líkbörunum
Þýð. Reynir Axelsson

Stjarna í Heimsveldi / La Diva de l'Empire

Hún ber heilmikinn Greenaway-hatt
og brosir töfrandi brosi,
fersk og heillandi hún hlær
og með barnslegu andvarpi og undrun.
Flauelsaugu frökenin á,
og hún er Heimsveldisstjarna
og hvers dáindismanns útvalin drottning
og pen þía ný
í Piccadilly.

Hún segir „yes“
sætt og með seiðandi rödd.
Vestisklæddir snobbar hrópa hátt
áfergjulegir og öðru gleyma.
Og upp á svið senda þeir ilmandi blóm.
Ekki þeir sjá hæðnishlátur á snoppufagurri snót.
Hún ber

Og hún dansar
öll eins og ósjálfráð vél
og hún sýnir ósköp bljúg og blíð
blíunduskreytt indælu undirfötin.
Dillar og slær fótum af fágætri list.
Allt þetta er ósköp saklaust grín
ósköp æsandi þó.

Hún ber
Dominique Bonnaud
Þýð. Páll Bergþórsson

Ég vil þig / Je te veux

Ég skil þjáningu þína,
ástkæri elskhugi,
og ég læt að óskum þínum,
gerðu mig að ástkonu þinni.
Látum siðsemina lönd og leið,
gleymum öllu óyndi,
ég þrái augnablikið dýrmæta
þegar við verðum hamingjusöm;
ég vil þig.

Ég sé ekki eftir neinu,
og óska aðeins eins:
að lifa öllu lífi mínu
hjá þér, alveg upp við þig;
að hjarta mitt verði þitt
og varir þínar verði mínar,

að líkami þinn verði minn,
og að allt hold mitt verði þitt.

Ég skil þjáningu þína

Já, í augum þínum sé ég
guðlegt fyrirheit
um að ástfangið hjarta þitt
leiti eftir atlotum mínum;
samslungin að eilífu,
brennandi af sömu logum,
í ástardraumum skulum við
skiptast á sálum okkar.

Ég skil þjáningu þína
Henry Pacory
Þýð. Reynir Axelsson